


Alþingi
Erindi nr. P 125/1234
komudagur 24. 3. 2000



HÉRAÐSSKÓGAR

Egilsstöðum, 24. mars. 2000

Umhverfisnefnd Alþingis
Ólafur Örn Haraldsson, formaður
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Héraðsskógar fagna frumvarpi til laga um umhverfismat en vilja gera eftirfarandi athugasemdir er tengjast fyrst og fremst skógræktarþætti frumvarpsins:

Umtalsverð umhverfisáhrif.

Í viðauka 2 er skógrækt sett í flokk með aðilum sem valda umtalverðum umhverfisáhrifum. Í 3. gr. laganna undir lið I er útskýrt hvað umtalsverð umhverfisáhrif eru, en þau eru samkvæmt frumvarpinu: *Veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum.*

EKKI er hægt að fallast á þær fullyrðingar sem þarna koma fram. Það er, að ekki sé hægt að fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum "neikvæð" umhverfisáhrif skógræktar. Lítum á eftirfarandi dæmi, sem hér er sett upp dálítið öfgafullt, en það er gert til að varpa skýrara ljósi á málið:

Helstu umhverfisáhrif skógræktar eru: Mótvægisaðgerðir gegn þessum umhverfisáhrifum eru:

- | | | |
|--------------------------|---|------------------------------------|
| Jarðvegsbinding. | ⇒ | Auka má beit á viðkvæmum svæðum. |
| Skjóláhrif. | ⇒ | Höggva skóga. |
| Koltvísyringsbinding. | ⇒ | Reisa stóriðju t.d. álver. |
| Byggðaðbrún. | ⇒ | Auka má þenslu á suðvesturhorninu. |
| Líffræðileg fjölbreytni. | ⇒ | Auka skógareyðingu. |

Samkvæmt ofangreindu er greinilega hægt með mótvægisaðgerðum að fyrirbyggja "neikvæð" umhverfisáhrif skógræktar.

Það að þetta skuli vera hægt hlýtur augljóslega að leiða til þess að skógrækt getur ekki flokkast með framkvæmdum sem valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Fyrst svo er getur skógrækt greinilega ekki fallið undir viðauka 2.

Einnig er erfitt að sjá fyrir sér að skógrækt verði flokkuð undir viðauka 1 og þá í flokki með t.d. kjarnorkuverum. Enginn getur talið að af skógrækt stafi slík ógn. Í frumvarpinu eru aðeins þessir tveir flokkar, það er viðauki 1 og viðauki 2. Erfitt er að staðsetja skógrækt í þessa flokka samkvæmt ofangreindu.

Skógrækt ríkisins.

Telji Alþingi engu að síður nauðsynlegt að koma böndum á skógrækt einkaaðila mætti með reglugerð eða í lögum sjálfum fela Skógrækt ríkisins, sem er opinber fagstofnun, að leggja faglegt mat á landið sem rækta á skóg í. Þetta væri hægt að framkvæma þannig að S.r. gerði ræktunaráætlanir fyrir svæðin, þar sem jafnframt væru teknar út mannvistarminjar, náttúruminjar og annað það sem nauðsynlegt þætti að varðveita.

Kostnaður.

Eitt það alvarlegasta fyrir einkaaðila í frumvarpinu kemur í ljós við umsögn Fjármálaráðuneytis á öftustu síðu frumvarpsins. Þar er tekið fram orðrétt: *“Gert er ráð fyrir að lögfest verði með ótvívæðum hætti ábyrgð framkvæmdaraðila á mati á umhverfisáhrifum og jafnframt skal hann bera allan kostnað af matinu, þar með talinn allan kostnað af auglýsingum og kynningum á hinni fyrirhuguðu framkvæmd.”*

Héraðsskógar eru verkefni, samheiti yfir þá bændur sem rækta skóga á sínum jörðum. Hver bóndi fyrir sig ber ábyrgð á skógræktinni á sinni jörð og skógurinn er hans eign. Bóndinn sér einnig um framkvæmdina. Því er hver og einn bóndi framkvæmdaraðili sem þarf að kosta umhverfismat vegna skógræktar á sinni jörð.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni kostar umhverfismat á minni framkvæmdum 1-2 millj. kr. en stærri framkvæmdum um 3 millj. kr. og fer kostnaður frekar hækkandi. Líkur eru á að umhverfismat vegna skógræktarframkvæmda verði kostnaðarsamara en við vegagerð. Ástæðan er einfaldlega sú að skógrækt nær yfir meira flatarmál.

Einn af þeim þáttum sem hefur verið bent sérstaklega á varðandi Héraðsskóga er jákvæð byggðapróun. Verði þetta frumvarp að lögum eins og það lítur út núna og Skipulagsstjóri úrskurði alla skógrækt yfir 40 ha í umhverfismat, eins og hann fær heimild til, verður kostnaður hvers bónda á bilinu 1-3 millj. kr. áður en hann getur hafið framkvæmdir.

Í fyrsta lagi er nokkuð víst að langflestir bændur leggja ekki í þennan kostnað og þar með fara þeir ekki í skógrækt.

Í öðru lagi, taki þeir ákvörðun um að fara í matsferlið og greiða þessa upphæð, hver fær greiðslurnar? Skipulagsstofnun, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun, Þjóðminjasafnið og ýmsar auglýsingastofur. Allt eru þetta aðilar á höfuðborgarsvæðinu. Þar með er enn og aftur verið að færa fé, sem notað er til byggðapróunar, til baka á höfuðborgarsvæðið.

Faglegar afleiðingar.

Í viðauka 3 er Skipulagsstofnun gefin heimild til að úrskurða um mat í 100 m fjarlægð frá fornminjum. Í þjóðminjalögum er tekið fram að ekki skuli stunda framkvæmdir í 20 m fjarlægð frá fornminjum. Nægir það ekki?

Fari svo að 100 m verði samþykktir og Skipulagsstofnun úrskurði að ekki verði stunduð skógrækt í 100 m fjarlægð frá fornminjum fylgir hér með kort (fskj.1) sem sýnir hverjar afleiðingarnar yrðu á dæmigerðri skógræktarjörð í Fellahreppi N-Múl.


Ljóst er að bóndinn getur aðeins stundað skógrækt í litlum reitum á nokkrum stöðum á jörðinni og við slíkar kringumstæður er skógrækt ekki nytjaskógrækt. Ákvörðun hans getur því ekki orðið önnur en að hefja ekki skógrækt enda segja lög um Héraðsskóga til um að þar skuli stunda nytjaskógrækt. Til að fá þessa niðurstöðu gæti bóndinn þurft að greiða 1-3 millj. kr.

Samræming við ESB.

Leið til að gera löginn þannig úr garði að þau komi ekki beinlínis í veg fyrir skógrækt er að fara sömu leið og farin var í Lettlandi til samræmingar við ESB.

Þar er viðmið stærðarmarka 1000 ha. til matsákvörðunar og er lagt til að í 2 viðauka d komi 1000 í stað 40.

Virðingarfyllt,
F.h. Héraðsskóga



Helgi Gíslason framkvæmdastjóri

Rauð lína= 20 m fjarlægð
Græn lína= 100 m fjarlægð

